



Fundur samgöngunefndar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu 24.nóvember 2014  
kl. 15:30.

#### 1.Fundargerð

Mættir voru: Kjartan Lárusson fulltrúi T-lista, Sölvi Arnarsson fulltrúi P-lista og Jakop Narfi Hjartarson fulltrúi T-lista. Einnig sátu fundinn Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Kristinn Aðalbjörnsson sviðsstjóri.

Kjartan setti fundinn. Skipt var verkum með nefndarmönnum. Kjartan verður formaður nefndar, Jakop verður varaformaður og Sölvi ritari.

Valtýr kynnti nýrri nefnd fjárhagsáætlun Umferðar- og samgöngumála Bláskógabyggðar 2014.

Valtýr fór einnig yfir stöðu lagningar á ljósleiðara í sveitafélaginu og kynnti þá vinnu sem búið var að leggja í.

**Bókun nefndar: Samgöngunefnd hvetur sveitarstjórn Bláskógarbyggðar að halda áfram þeirri vinnu sem lagt hefur verið í vegna athugunar á ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins. Mikið hagsmuna mál fyrir alla íbúa sem ber að flýta eins og kostur er.**

Framkvæmdaáætlun við gatnagerð 2014.

Kristinn lagði fram kostnaðaráætlun vegna Miðholts og Eflingar götu í Reykholti. Því miður gafst ekki tími til meiri umræðu um þessar götur en Valtýr og Kristinn urðu að víkja af fundi kl 16:30.

Farið var yfir stöðuna almennt á málefnum umferðar- og samgöngumála í sveitarfélaginu og rætt hvað bæta mætti. Kom þá Reykjaheiðin til umræðu og bókar nefndi eftirfarandi:

**Bókun:Samgöngunefnd Bláskógarbyggðar skorar á sveitarstjórn Bláskógarbyggðar að beita stjórnvöldum og vegagerð eins miklum þrýstingi og hægt er varðandi lagningu nýs vegar á Reykjarheiði.**

Nefndarmenn ætla að gefa sér tíma til að setja sig betur inní málaflokkinn fyrir næsta fund. Næsti fundur ákveðinn í janúar 2015 og mun formaður nefndar boða hann.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl 17:30